

FUNDARGERÐ SAMKÓP

Dags. Fundar 22. júní 2017	Tími 12:00 -13:00	Staður Kringlukráin
Fundarritari: Þorvar Hafsteinsson Fundarstjóri: Þorvar Hafsteinsson Fundarmenn: Karl Einarsson, Ragnheiður Dagsdóttir, Aðalheiður Sigurdórsdóttir		

Dagskrá
I. Skipan í stöður fyrir starfsárið 2017 - 2018
II. Starfsárið framundan og fundartímar
Fundargerð
Skipan í stöður fyrir starfsárið 2017 – 2018 Ákveðið var að stöður innan stjórnar SAMKÓP skiptust á eftirfarandi hátt: <i>Arnar Björnsson, varaformaður og ritari, Karl Einarsson, gjaldkeri, Ragnheiður Dagsdóttir, rölftfulltrúi.</i>
Skjöl er varða breytingu á gjaldkerastöðu voru undirrituð og Ragnheiður samþykkti að koma prókúrumálum í réttan farveg þannig að allt sé klárt fyrir haustið.
Röltið lítilega rætt og allir sammála um að taka þarf fastar á þeim málum strax í upphafi skólaárs, og stefnt að því að fylgja þessum málum eftir með öðrum röltfundi strax eftir áramót.
Starfsárið framundan og fundartímar.
Árið framundan var lítilllega rætt, án þess þó að einhver ákveðin niðurstaða lægi fyrir. Þó nokkuð ljóst að mánudagar og þriðjudagar munu ekki henta sem fundartímar. Finna þarf tíma sem hentar öllum strax í haust. Stefnt að því að hafa fundi á minnst 4 vikna fresti. Hægt verður að hnikra tímum til og gert ráð fyrir að styttri fundir verði jafnvel haldnir í hádeginu á Kringlukránni eða sambærilegum stað. Annars verður fastur fundarstaður SAMKÓP í Vatnsendaskóla.
Fundi slitið kl:13:00